

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Sjálalandshverfi, Langalína 2 (áður Skeiðarás 14) og Strikið 2.

Þann 19. maí 2005 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar breytingu á deiliskipulagi Sjálands á svæði sem frestað hafði verið deiliskipulag á.

Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja 6 hæða hús við Löngulínu 2 fyrir verslun og íbúðir, þar sem 6. hæðin er minni en aðrar hæðir hússins. Heildarbyggingarmagn húss ofan jarðar er um 6000 m². Auk þess eru gerðar lítilsháttar breytingar á lóðarmörkum við Löngulínu 2 og Strikið 2.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 24. apríl 2006.

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri.